

**Nd.**

**312. Nefndarátt**

um frumvarp til laga nm ákvörðnn vinnntíma í skrifstofum ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta. Skrifaði hún stjórnarráðinu og bað um upplýsingar viðvikjandi starfstíma og lönnum í eftirgreindum skrifstofum:

Stjórnarráðs, landsverslunnar, bæjarfógeta, Landsbanka, vitamála, vegamála, hagstofu, póstmála, landssíma, lögreglustjóra og áfengisverslunnar.

Hafa nefndinni borist erindi frá forstöðumönnum allra þessara stofnana, með upplýsingum um laun og vinnutíma, nema ekki fullnægjandi frá áfengisversluninni.

Eftir þeim upplýsingum, er nefndin hefir fengið, telur hún, að heppilegast muni, að stjórninni sje falið að sjá um starfsháttu i þessum stofnunum.

Vill nefndin láta þess getið, að hún telur heppilegra, að starfstími í skrifstofnum sje heldur lengri og starfið sje betur launað. Á þetta einna helst nú við um stjórnarráðið. Telur nefndin, að bæði stofnunum og starfsmönnum sje þetta miklu betra.

Enn fremur vill nefndin láta þess getið, að hún væntir þess, að ríkisstjórnin aðgæti, hvort ekki mnni unt að draga eitthvað úr skrifinsku og mannahaldi í ýmsum skrifstofum hins opinbera, með því að gera skrifstofustörfin einfaldari en nú á sjer stað.

Er nefndin þeirrar skoðunar, að þing síðari ára hafi um skör fram ankið skrifstofustörf ýmsra ríkisstofnana, og beri að draga úr því sem mest að mögulegt er, og þá jafnframt úr mannahaldi.

Nefndin leggur því til, að þetta frnmv. verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hafi aðgæslu með starfsemi i skrifstofum þess opinbera, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. apríl 1924.

Jón Kjartansson,  
form.

Jörundnr Brynjólfsson,  
frsm.

Jón Baldvinsson,  
fnndaskrifari.

Magnús Jónsson.

Bernharð Stefánsson.